




NÁMSMAT

Námsmat

- Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess.
- Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir.
- Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt.

Námsmat

- Tilhögun námsmats þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við áherslur í skólastarfi og höfða til sem flestra námsþátta.
- Þannig skal meta:
 - munnleg verkefni
 - verkleg og skrifleg
 - myndræn
 - stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir
 - einstaklingsverkefni
 - hópverkefni
 - verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum
 - próf af ýmsu tagi




- Nemendur í 4., 7. og 10. bekk fá einkunnir í bókstöfum.
- Námsmat:
 - Nemendur í 4. bekk fá einkunnir í íslensku, stærðfræði, íþróttum og sundi.
 - Nemendur í 7. bekk fá einkunn í öllum bóklegum greinum (ísl, stæ, sam, nátt, ens og dön), íþróttum og sundi og list- og verkgreinum.
 - 10. bekkur fær bókstaf í öllum greinum og valgreinar birtast á vitnisburði sem lokið/ólokið. Fá eina einkunn fyrir skólaíþróttir (sund og íþróttir). Allt námsmat er unnið í [matsviðmiðum](#).
- Aðrir nemendur fá enga lokaeinkunn og ekkert vitnisburðarblað. Námsmat er fólgið í hæfniviðmiðum og einkunn fyrir verkefni, kannanir og próf, en það námsmat er aðgengilegt á [infomentor](#).



A

Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni á því sviði sem viðmið námssviðsins lýsa. Við inngöngu í framhaldsskóla hefur nemandinn hæfni til að vinna á 2. þrepi á námssviðinu.




B+

Nemandinn hefur náð öllum hæfniviðmiðum B og að hluta til þeim viðmiðum sem á við einkunnina A. Við inngöngu í framhaldsskóla hefur nemandinn hæfni til að vinna á 2. þrepi á námssviðinu.

**B**

Nemandi sýnir góða hæfni á því sviði sem viðmið námssviðsins lýsa. Við inngöngu í framhaldsskóla hefur nemandinn hæfni til að vinna á 2. þrepi á námssviðinu en þarf mögulega að fara í auka áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku.

The image shows the C++ logo, which consists of a large white letter 'C' followed by a white plus sign '+', both centered on a dark teal rounded square background.

Nemandinn hefur náð öllum hæfniviðmiðum C og að hluta til þeim viðmiðum sem á við einkunnina B. Við inngöngu í framhaldsskóla hefur nemandinn hæfni til að vinna á 1. þrepi á námssviðinu.



C


Nemandi sýnir að hann hefur að
einhverju leyti, en ekki öllu, náð
þeirri hæfni sem viðmið
námssviðsins lýsa. Við inngöngu í
framhaldsskóla hefur nemandinn
hæfni til að vinna á 1. þrepi á
námssviðinu.



D

Nemandi hefur ekki náð þeirri hæfni sem matsviðmið námssviðsins lýsa. Við inngöngu í framhaldsskóla hefur nemandinn hæfni til að vinna á 1. þrepi á námssviðinu og þarf hugsanlega einstaklingsnámskrá.

Nemandi sem fær D í tveim af þremur aðalfögum þurfa að sækja um í fornám – á einnig við þá sem eru með *merкта einkunn.



Stjörnumerkt einkunn vísar í einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda. Þegar stjarna er notuð byggir námsmat á áætlun sem vísar verulega frá námsáætlun viðkomandi árgangs eða námshóps.

Einkunn getur líka verið stjörnumerkt hafi nemandi lokið innan við 75% af námsmati vetrar

Einstaklingsnámskrár – stjörnumerkt einkunn

Í grunnskólum er nokkur hópur nemenda sem stundar ekki nám sitt að fullu samkvæmt skilgreindum hæfni- og matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, heldur að hluta eða öllu leyti eftir aðlagaðri námskrá og viðmiðum í samræmi við metnar sérþarfir. Við námsmat og vitnisburð við lok grunnskóla skal taka tillit til þessa á þann hátt að merkja skal vitnisburðinn með stjörnu (*) á rafrænu útskriftarskírteini. Þannig fá nemendur A*, B+*, B*, C+*, C* eða D* í samræmi við hvernig þeir ná einstaklingsbundnum matsviðmiðum sínum. Hafi nemandi formlega fengið undanþágu frá tilteknum námssviðum vegna sérþarfa þá skal það koma fram á útskriftarskírteininu.

Námsmat á verkefnum

Verkefni í öllum fögum yfir skólaárið geta verið metin á þrenna vegu:

- Námsmat með bókstöfum
- Námsmat með hæfnitáknum, sem eru fimm
- Námsmat með lokið / ólokið

Námsmat

- Námsmat verkefna í list- og verkgreinum er lokið / ólokið.
- Námsmat verkefna í íþróttum og sundi er lokið / ólokið.
- Verkefni yfir veturinn eru tengd [hæfniviðmiðum](#).
- Námsmat í valgreinum er lokið / ólokið.

Hæfniviðmið og mat á þeim

- Mat á hæfniviðmiðum er gefið með hæfnitáknum.
 - Framúrskarandi.
 - Hæfni náð.
 - Á góðri leið.
 - Þarfnast þjálfunar.
 - Hæfni ekki náð
- Nemendur í 1. – 7. bekk fá aldrei hæfni ekki náð, teljast alltaf í þjálfun. Eldri nemendur sömuleiðis nema í undantekningartilvikum.
- Sé nemandi að fá mörg “hæfni ekki náð” þá er hann ekki með námsefni við hæfi, nema slök skólasókn sé ástæðan.



Framúrskarandi



Hæfni náð



Á góðri leið



Þarfnast þjálfunar



Hæfni ekki náð

Lokaorð

Í Myllubakkaskóla er unnið eftir símati. Nemendur eru því sjaldnast að taka stór yfirlitspróf en gera oft viðameiri verkefni þar sem reynir á þekkingu þeirra á mörgum sviðum.

Nemendur vinna í gegnum grunnskólagöngu sína að því að bæta hæfni sína og vinnubrögð, er það von okkar að framvinda þeirra sé með sem eðlilegasta móti og hver og einn nemandi verði besta útgáfan af sjálfum sér.

Myllubakkaskóli vinnur eftir einkunnaorðunum

Virðing – Ábyrgð – Jafnrétti - Árangur